

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 27. febrúar 1986

um að takmarka markaðssetningu ákveðinna tegunda fódurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem eru opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“

(86/109/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/38/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/859/EBE ⁽⁴⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með tilskipun 66/401/EBE er veitt heimild til markaðssetningar á stofnfræi, vottuðu fræi og sölufræi ákveðinna tegunda fódurjurta.

Með tilskipun 69/208/EBE er veitt heimild til markaðssetningar á stofnfræi, hvers kyns vottuðu fræi og sölufræi ákveðinna tegunda olíu- og trefjajurta.

Með 3. mgr. 3. gr. beggja framangreindra tilskipana er framkvæmdastjórninni veitt heimild til að banna markaðssetningu á fræi nema það hafi verið vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

Fyrirliggjandi upplýsingar sýna að aðildarríkin geta framleitt nóg af stofnfræi og vottuðu fræi til að fullnægja eftirspurn í bandalaginu eftir fræjum ýmissa framangreindra tegunda með þessum flokkum fræja frá 1. júlí 1987 þegar um ákveðnar tegundir er að ræða, 1. júlí 1989 þegar um aðrar ákveðnar tegundir er að ræða og 1. júlí 1991 þegar um enn aðrar ákveðnar tegundir er að ræða.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunar-efni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að frá og með 1. júlí 1987 skuli ekki heimilt að markaðssetja fræ:

— <i>Vicia faba</i> L. (partim)	— hestabauna
— <i>Papaver somniferum</i> L.	— ópíumvalmúa

nema það hafi verið vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að frá og með 1. júlí 1987 skuli ekki heimilt að markaðssetja fræ:

— <i>Glycine max</i> (L.) Merr.	— sojabauna
— <i>Linum usitatissimum</i> L.	— spunalín, olíulín

2. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að frá og með 1. júlí 1989 skuli ekki heimilt að markaðssetja fræ:

— <i>Agrostis canina</i> L.	— týtulíngresis
— <i>Agrostis gigantea</i> Roth	— stórlíngresis
— <i>Agrostis stolonifera</i> L.	— skriðlíngresis
— <i>Agrostis tenuis</i> Sibth.	— hálíngresis
— <i>Alopecurus pratensis</i> L.	— hálíðagrass

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 16, 19. 1. 1985, bls. 41.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 357, 18. 12. 1982, p. 31.

— <i>Arrhenatherum elatius</i> (L.) Beauv. ex J. og K. Presl.	— ginhafra
— <i>Phleum bertolinii</i> DC	— vallarfoxgrass
— <i>Poa nemoralis</i> L.	— kjarrsveifgrass
— <i>Poa palustris</i> L.	— fitjasveifgrass
— <i>Poa trivialis</i> L.	— hásvweifgrass
— <i>Trisetum flavescens</i> (L.) Beauv.	— akurlógresis
— <i>Lotus corniculatus</i> L.	— akurmaríuskóa
— <i>Lupinus albus</i> L.	— hvíttra lúpína
— <i>Lupinus angustifolius</i> L.	— lensulúpína
— <i>Lupinus luteus</i> L.	— gultra lúpína
— <i>Medicago lupulina</i> L.	— refasmára
— <i>Trifolium hybridum</i> L.	— túnsmára
— <i>Brassica juncea</i> L. Czern. et Coss. in Czern.	— asíumustarðs

nema það hafi verið vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

3. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að frá og með 1. júlí 1990 skuli ekki heimilt að markaðssetja fræ:

— <i>Festuca ovina</i> L.	— sauðvinguls
— <i>Trifolium incarnatum</i> L.	— logasmára
— <i>Trifolium resupinatum</i> L.	— persasmára
— <i>Vicia sativa</i> L.	— fóðurflækju
— <i>Vicia villosa</i> Roth.	— dúnflækju
— <i>Sinapis alba</i> L.	— hvíts mustarðs

nema það hafi verið vottfest opinberlega sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja:

- eigi síðar en 1. júlí 1987, nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að ákvæðum 1. gr.,
- eigi síðar en 1. júlí 1989, nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að ákvæðum 2. gr.,
- eigi síðar en 1. júlí 1991, nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að ákvæðum 3. gr.

Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. febrúar 1986.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frans ANDRIESEN

varaforseti.